



Efni:	Leikskólinn Ylur: Endurskoðun sumarlokunar
Dagsetning:	11. desember
Frá	Stýrihóp
Til	Skólanefndar og sveitarstjórnar
Málsnr.	1809008

Nú er komin fjögurra ára reynsla á sumarlokun leikskólans Yls og átti að endurskoða fyrirkomulagið að nýju fyrir sumarið 2019 í ljósi reynslunnar. Lokað hefur verið í fjórar vikur í senn yfir sumartímann. Þá hefur verið hægt að taka fjögurra vikna leyfi yfir vetrartímann án þess að þurfa að greiða fyrir leikskólavistina.

Skóla- og félagsmálanefnd samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 17. október 2018:

Skóla- og félagsmálanefnd - 3 (17.10.2018) - Leikskólinn Ylur; Endurskoðun sumarlokunar

Reynslutími á sumarlokun leikskólans Yls til fjögurra ára lauk nú í sumar. Í framhaldi af því átti að endurskoða sumarlokunina í samræmi við reynsluna.

Nefndin samþykkir að setja stýrihóp á laggirnar til að koma með tillögur að framtíðar fyrirkomulagi í byrjun desember. Jafnframt skoði stýrihópurinn þróunarverkefni um styttingu vinnuvikunnar á leikskólanum. Í stýrihópnum verða leikskólastjóri, deildarstjóri, fulltrúi starfsfólks, fulltrúi foreldra, formaður skóla- og félagsmálanefndar og sveitarstjóri.

Stýrihópurinn fundaði 29. nóvember og þar kom m.a. eftirfarandi fram:

- Almennt séð þá hefur sumarlokunin gengið vel og komin ágætis reynsla á þetta fyrirkomulag.
- Fleiri foreldrar eru að nýta sér að taka frí yfir vetrartímann í einn mánuð án þess að greiða fyrir. Fyrstu árin voru það 1-2 börn á vetri en nú stefnir í að 7 heimili með 10 börnum nýti sér þetta á þessu ári.
- Í sumar var lokað að venju í júlí og opnaði leikskólinn að nýju í vikunni fyrir verslunarmannahelgi. Fram kom hjá leikskólastjóra að frekar fá börn hefðu mætt fyrstu vikuna eftir sumarfrí.
- Fram kom hjá leikskólastjóra að með því að lengja sumarlokun úr 4 í 5 vikur myndi það gera skipulag og innra starf leikskólans auðveldara og markvissara.
- Fram kom hjá sveitarstjóra að út frá rekstrarlegum sjónarmiðum er hagkvæmara að sumarleyfi starfsfólks verði 5 vikur.
- Fram kom hjá fulltrúa starfsfólks að þeirra upplifun var að starfsfólkið hefði ekki verið búið að fá útrás fyrir sumarleyfið þegar það mætti aftur til starfa.
- Miðað við fjögurra vikna sumarlokun leikskólans þá á starfsfólk inni talsvert af sumarfrí þegar það mættir aftur til starfa. Jafnframt getur starfsfólk unnið sér inn rétt til leyfis með því að vinna yfirvinnu.
- Fram kom hjá leikskólastjóra að þegar núverandi fyrirkomulag var tekið í notun voru um 20 börn á leikskólanum, í dag eru þau 33. Talsverð starfsmannavelta hefur verið á leikskólanum og erfitt að manna eftir að börnum og starfsfólki fjölgaði. Nú vantar 1-2 starfsmenn eftir áramót. Að hafa sveigjanleika í opnunartíma yfir sumartímann gæti verið mjög erfitt vegna mönnunar.
- Meðaltals orlofsdagar starfsmanna leikskólans Yls, ótekið sumarfrí 30.4.2017 – 1.5.2018:



Starfsmaður	Kennitala	Starfs- hlutfall	Orlofs %	Unnir tímar á mánuði	Áunnir sumarfrís dagar á ári	Áunnir sumarfrís dagar á mánuði	Ótekið sumarfrí v/síðasta orlofstímabil
			11,59%	130,00	27,00	2,25	0
			10,17%	173,33	24,00	2,00	0
			11,59%	147,33	27,00	2,25	0
			13,04%	110,93	30,00	2,50	13
			11,59%	145,60	27,00	2,25	1
			10,17%	142,13	24,00	2,00	0
			10,17%	173,33	24,00	2,00	0
			13,04%	173,33	30,00	2,50	9
			13,04%	117,00	30,00	2,50	9
			10,17%	173,33	24,00	2,00	0
			13,04%	173,33	30,00	2,50	16
Samtals							48

Uppsafnaðir tímar sem starfsfólk á eftir að taka í nóvember 2018: 96 (2,5 vikur)

- Rætt um hvort nemendur sem útskrifast að vori fái áfram tækifæri til þess að mæta aftur eftir sumarfrí þangað til grunnskólinn hefst seinni partinn í ágúst. Hugsanlega þyrfti að sækja um slíkt sérstaklega ef áfram yrði opið fyrir það.
- Fram kom hjá fulltrúa foreldra að skiptar skoðanir hefðu verið um fyrirkomulag lokunarinnar á sínum tíma. Í dag væri komin góð reynsla á þetta og fulltrúinn hefði fullan skilning á sjónarmiðum starfsfólks, leikskólastjóra og sveitarfélagsins.

Um sumarlokunir leikskóla

Í Netlu, veftímariti um uppeldi og menntun, útgefnu af menntavísindasviði Háskóla Íslands, sem gefið var út 19. september 2016, er fjallað um sumarlokun leikskóla og áhrif á faglegt starf og stafsáðstæður (http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/03_ryn_arsrit_2016.pdf). Greinin byggir á rannsókn sem framkvæmd var vorið 2011. Spurningakönnun var lögð fyrir 110 leikskólastjóra en það er tæplega 40% leikskólastjóra í landinu og var svörunin 60%. Markmið hennar var að kanna áhrif sumarlokunar á starf og starfsáðstæður í leikskólum.

Helstu niðurstöður:

- Sumarlokun leikskóla er með ólíkum hætti eftir rekstraraðilum. Að mestu leyti ákvarða rekstraraðilar hvort skólar loka að sumrinu, hvenær þeir loka og hve lengi. Skólastjórar taka ákvarðanir um inntöku nýrra barna en er ætlað að vinna út frá ákvörðunum um sumarlokun með fagleg sjónarmið að leiðarljósi.
- Misjafnt er eftir sveitarfélögum hvernig sumarlokun leikskóla er háttað. Í 46% þeirra er sumarlokun ávallt á sama tíma en í 54% þeirra færast lokunin til en misjafnt er hvaða vikur eru valdar til lokunar. Í öllum skólunum er lokað hið minnsta í fjórar vikur, 25% þeirra lokar í fimm vikur og 3% þeirra í sex vikur.
- Í spurningakönnuninni var spurt hvort leikskólastjórar væru sáttir við fyrirkomulag sumarlokunar í sínum skóla. Meirihluti leikskólastjóranna eða 66%, eru sáttir við fyrirkomulagið en 29% vilja breytingar. Í hálfopinni spurningu svarar meirihluti þeirra sem



vilja breytingar því til að þeir kjósi að leikskólinn sé lokaður fjórar eða fimm vikur. Athygli vekur að allir umræddir skólar utan einn eru þegar lokaðir í fjórar eða fimm vikur á sumrin.

- Svör þeirra eru líkleg til að taka mið af hvoru tveggja, rekstrarlegum atriðum, svo sem fjárhagsáætlunum, og hins vegar hvernig faglegu starfi er best borgið innan þess ramma sem þeir hafa. Þetta skipta hlutverk getur valdið togstreitu.
- Skólar búa við misjafnar aðstæður, sumir loka að sumrinu, aðrir ekki og að auki er misjafnt hve lengi sumarlokun stendur yfir. Hvaða leið sem er valin þá ættu rekstraraðilar að vera meðvitaðir um áhrif ákvarðanna sinna. Eftir því sem sumarlokun nær yfir styttri tíma er meiri þörf fyrir afleysingu svo kennarar nái að taka sumarleyfi sín. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til að mæta þeim kostnaði. Hin hliðin á því að ráða fólk til afleysinga er að í þau störf fæst helst ómenntað og jafnvel reynslulítið fólk og sé það niðurstaðan þá er mikilægt að skoða áhrifin á börnin, menntun þeirra og líðan.
- Tímasetning á sumarlokun hefur bein áhrif á hvenær elstu börnin hætta og þar með hvenær hægt er að taka inn ný börn, með þeirri undantekningu þegar skólar taka þá ákvörðun að hafa fleiri börn en almennt er gert ráð fyrir um lengri eða skemmri tíma að sumrinu. Í rannsókninni kom í ljós að 28% þeirra fara þá leið. Leikskólastjórnir segja að tímasetning sumarlokunar hafi margvísleg áhrif á starf og starfsaðstæður og ljóst er að sumarmánuðirnir eru álagstími í starfi leikskóla.
- Það er umhugsunarefni hve margir skólanna í rannsókninni velja það sem þeir kalla yfirflæði (tímabil sem fleiri börn væru í skólanum en viðmið rekstraraðila gera ráð fyrir). Án efa er faglegra sjónarmiða gætt við skipulagningu og útfærslu en það liggur engin vitneskja fyrir um hvaða áhrif slíkar ákvarðanir hafa á börnin. Hér er þörf á frekari rannsóknum og í raun mikilvægt að þegar skólar taka ákvörðun um leið eins og þessa að jafnhliða fari fram mat á því hvernig til tekst. Meta þyrfti áhrif á almennan þroska barna, nám og líðan. Sem leið í því samhengi er mikilvægt að kanna viðhorf og reynslu barnanna sem um ræðir og fá fram upplifun þeirra af mismunandi fyrirkomulagi og breytingum.
- Af þessu má sjá að tímasetning sumarlokunar hefur margvísleg áhrif á skólastarfið og áhrifin aukast ef hún færast til milli ára. Það skiptir máli að rekstraraðilar séu meðvitaðir um áhrif ákvarðana sinna og skoði þær í samhengi við skólastarf og starfsaðstæður.

Miðað við það sem þessi rannsókn sýnir þá styður hún að mörgu leiti við þær hugmyndir að lengja sumarlokun í 5 vikur því þá er minni þörf fyrir afleysingu svo starfsfólk nái að taka sumarleyfin sín og meiri stöðugleiki ætti að nást í skólastarfinu.

Tillaga stýrihóps:

- Sumarlokun leikskólans fari úr 4 í 5 vikur. Reynt sé að miða við að leikskólinn opni að nýju eftir verslunarmannahelgi.
- Áfram verði boðið upp á að foreldrar/forráðamenn geti tekið aukaleyfi einu sinni yfir almanaksárið án þess að greiða fyrir, með þeirri breytingu að leyfistíminn sé frá 2 upp í 4 vikur í stað samfelldra fjögurra vikna áður.
- Fyrir þá nemendur sem útskrifast að vori en þurfa á vistun að halda eftir sumarlokun, þarf að sækja sérstaklega um áframhaldandi vistun til leikskólastjóra.
- Þetta fyrirkomulag verði til næstu tveggja ára, 2019 til 2020 og endurskoðað eftir sumarlokun 2020.